

Nd. **78. Frumvarp til laga** [70. mál]
um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. gr.

Heimilt er að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í Háskóla Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Námskröfur til stúdentsprófs frá Kvennaskólanum skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, samkvæmt því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Um stjórn og starfsháttu menntadeildar Kvennaskólans fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntaskóla á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Kostnaður við menntadeild Kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af menntamálanefnd á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Að þessu sinni varð nefndin ekki sammála um að endurflytja frv., og er það flutt af meiri hluta hennar. Einstakir nefndarmenn hafa ekki þar með tekið afstöðu til frv. og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.